

Nd.

157. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða o. fl.

Flutningsm.: Jón Jónsson þm. S.-M. og Jón Ólafsson.

Milli Seyðisfjarðarhéraðs (nr. 32) og Reyðarfjarðarhéraðs (nr. 33) skal stofna nýtt læknishérað, er nefnist Norðfjarðarhérað: Norðfjarðarhreppur og Mjóafjarðarhreppur. Læknissetur í Norðfirði.